

Nr. 50/1880

Hið opinbera
 gegn
 Jóni EbenezerSSyni

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn Jóni EbenezerSSyni, formanni á Ísafirði, fyrir brot gegn samþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum, samþykkttri af hlutaðeigandi amtmanni 16. ágústmán. f. á., en í 1. gr. samþykktarinnar er bannað að láta lóðir liggja í sjó næturlangt á tímabilinu frá veturnóttum til sumarmála. Hinn 31. janúarmán. þ. á. var dómur kveðinn upp í því máli fyrir lögreglurjetti Ísafjarðarsýslu, og var hinu kærði dæmdur sýkn af kærum hins opinbera, en málskostnaður hafði enginn orðið fyrir undirjettinum.

Tilfnið til málshöfðunarinnar var það, að nefnd sú í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu, sem samkvæmt 4. gr. tjeðrar fiskiveiðarsamþykktar á að hafa gætur á, að öllu því, sem tekið er fram í samþykktinni, sje fyllilega hlýtt, hafði tilkynnt lögreglustjóranum, að hinn kærði hefði róið til framlagningar kvöldið hinn 10. desembermán. þ. á., og verið kominn í land fyrir kl. 12 um kvöldið, en ekki dregið fyr en daginn optir.

Hinn kærði hefur að vísu borið á móti því, að hann hafi látið lóðir sínar liggja í sjó í það sinn, er hjer um ræðir, næturlangt, en hefur þó kannast við, að þær hafi legið 7—8 stundir næturinnar. Með því nú að yfirdómurinn þannig verður að álíta það nægilega sannað, að hinn kærði hafi látið lóðir sínar liggja í sjó um allan þann tíma, sem tíðkanlegt er hjer á landi að nota til svefns, og er aðeins sá tími venjulega kallaður nótt, þá virðist hinn kærði að hafa brotið gegn 1. gr. ofan nefndrar samþykktar, og kemst

hann því ekki hjá að sæta sekt samkvæmt samþykktinni 4. gr. b., og virðist hún eptir málavöxtum hæfilega metin 10 kr., er samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 7. gr. að hálfu greiðist Hólshreppi í Ísafjardarsýslu, en að hálfu gæzlunefndinni í nefndum hrepp, er kom brotinu upp. Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum kærða að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Málskostnaðr í hjerði var eptir skýrslu undirdóm-
arans enginn.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Ebenzerson á að greiða 10 kr. sekt, er að $\frac{1}{2}$ lúkist Hólshreppi í Ísafjardarsýslu, en að $\frac{1}{2}$ gæzlunefndinni í nefndum hrepp, Svo ber honum og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramans fyrir yfirdóminum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. októbermán.

Nr. 49/1880.

Rjettvísín

gegn

Páli Eyjólfssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem gekk í aukarjetti Reykjavíkur